

KJARVAL

Kyckling
Broccifile
1098 KR. KG
Rose kjúklinga-bringur frosnar

30% afsláttur
móar
559 KR. KG
Móa læri/leggir

389 KR. PKL.
Grillborgarar m/ brauði 4stk.

50% afsláttur
299 KR. KG
Goða svið frosin

500 g
898 KR. PKL.
Rib World Spare Ribs

Napoli NEW
298 KR. STL.
freschetta 3 tegundir

20% afsláttur
Super marmelaði
3 tegundir

99 KR. PKL.
Pepsi Max 1 lítri

249 KR. STR.
Myllu heimilisbrauð 1/1

Cheerios
319 KR. PKL.
GM Cheerios 397 gr

3 kilo
Aqua Maskinvask
509 KR. PKL.
Super þvottaefni

199 KR. KG
Appelsínur

699 KR. PKL.
VIP Bleiur 4 stærðir

- Þín tilboð í Kjarval -

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum

Hárgreiðslustofan í Vík

Hárgreiðslustofan er að flytja á
"gamla staðinn", Sunnubraut 15.

Ég byrja að vinna þar
miðvikudaginn 3. sept.

Verið velkomin
Kveðja, Þorbjörg 847-1858

Snyrtistofan í Vík

Kæru viðskiptavinir
Snyrtistofan í Vík verður lokuð frá
1. september í nokkra mánuði.

Ef einhver á gjafakort
og vill nýta það áður en ég fer í frí
vinsamlegast hafi samband
fyrir 1. sept. í síma 868-3642

Kveðja, Margrét

Höfuðbeina- og spjaldhryggjarmedferð.

Verð á Klaustri
laugardag og sunnudag
30. og 31. ágúst.

Áhugasamir pantið
tíma í síma 587-2999
eða 866-0474

Sigrún Inga



VÍSUR VIKUNNAR

Ellistrauminn áfram klýf,
ekkert til án raka,
eins og draumur allt mitt líf
eða næturvaka.

Ég hef eignast hest og hund
og 100 sauði fina,
en aldrei pund af grænni grund
gekk í eigu mína.

Höfundur: Eggert Guðmundsson Norðdahl
frá Hólmi, Rvk. f.1866 - d.1963
Fæddur að Langholti í Meðallandi sonur,
Guðrúnar Jónsdóttur frá Langholti og
Guðmundar Magnússonar Norðdahl. Bónði í
Hólmi hjá Reykjavík. (Vestur-Skaftfellsk
ljóð.)

VITINN á www.sudurland.net

35. TBL. 12. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 27. ÁGÚST 2008

SMÁAUGLYSINGAR



SKAFTÁRHREPPUR

BORGARAFUNDUR 27. ÁGÚST

2008 KL 20:30

**Breytt fyrirkomulag
sorphirðu tekur gildi
um miðjan september 2008.**

**Boðað er til almenns borgarafundar í
félagsheimilinu Kirkjuhvoli miðvikudaginn
27. ágúst nk. kl. 20:30 til að kynna
breytt fyrirkomulag
sorphirðu í Skaftárhreppi.**

Sveitarstjórn Skaftárhrepps

Stuttar fréttir

Lundapysja í búðarferð.

Það er vís óvanalegt að kúnnarnir í Kjarval í Vík séu fiðraðir, svo gerðist þó í gær (mánudag) þegar Lundapysja kom inn á lagerinn í búðinni. Ekki naut hún lengi frelsinsins en var sett í pappakassa og fór Reynir með hana til sjávar. **E.**




Einn hvalurinn enn

Höfrungur tók land í Reynisfjöru um helgina. Ferðamenn sem þarna voru staddir hugðust koma honum til bjargar og var mildi að ekki hlaust af slys, en sjórinn er viðsjárverður þarna eins og kunnugt er. Hvalurinn var særður og því aflífaður.

Fýllinn seinn á ferðinni

aðeins er hann þó farinn að sjást, en tveir fýllar sáust austan Víkur í gær (mánud.) meðfram þjóðvegi 1. Fýlnum virðist seinka ár frá ári. Í fyrra flaug hann ekkert að ráði, fyrr en um 10. sept. Þannig að fýlaunnendur skyldu ekki örvænta strax. **E.**



Lofsöngur (Claus Frimann)

Líti eg um loftin blá
skýin sem sigla fram silfurglitaðan boga,
hálfungls gullnu hornin á,
herinn stjarna, þann tindrandi loga,
þrungna þrumu heimkynnið
þar sem að skruggan skæð skekur dunandi
hamar,
rekur fjalli högg á hlið,
hittir skóginn og stórviðu lamar.
:: Þú ert mikill! hrópa eg hátt.
Himnaguð! eg sé þinn mátt,
fyrir þinni hægri hönd
hnígur auðmjúk í duftið mín önd. ::

Líti' eg langt um úþönd höf
hvar eð skjót skipamergð skundar vængjuðum
húnum,
sökku dúpt í sjávargröf,
sést svo aftur á aldanna brúnum,
hvar eð sé eg sverðfiskinn,
hnúðurbak, hrosshvelið hart við stökkulinn
glíma,
hvar eð flögurflokkurinn
ferðast réttum á vegi og tíma.
:: Þú ert mikill! hrópa eg hátt.
Hafsins guð! eg sé þinn mátt,
sjór og hvað þar inni er
órækt vitni um guðdóm þinn ber. ::

Líti' eg liljum skrydda jörð,
skoði eg skóg og strönd, skoði' eg dali og
fjöllin,
skoði' eg bugðubreyttan fjörð,
breiðar elfur og vatnsbunuföllin,
skoði' eg skepnufjöld ótal
allt frá þeim ormi sem undir duftinu skríður,
yfir féð í fögrum dal
fjær til himins þar beinfleyg örn líður.
:: Þú ert mikill! hrópa eg hátt.
Heimsins guð! eg sé þinn mátt!
Lofið, himnar, haf og jörð,
hann hvurs mætti þið af eruð gjörð. ::

*Þýtt á árunum 1826-1828.
Ljóðmæli eptir Jónas Hallgrímsson.*

Tónskóli Mýrdælinga

INNTRITUN

Innritun fer fram í húsnæði skólans miðvikudaginn 27. ágúst,
fimmtudaginn 28. ágúst og föstudaginn 29. ágúst,
kl. 13:00 - 16:00 alla dagana.

Umsókn þarf að vera skrifleg. Nemendur frá og með 3. bekk geta sótt um skóla-
vist. Nemendur frá og með 5. bekk þurfa að sækja einn hóptíma í tónfræði á viku.

Þeir sem ekki komast á innritunartíma eru beðnir um að hafa samband í síma
4871485 eða á netfang ton_vik@ismennt.is og láta vita um nám. Skriflegri
umsókn skal þá skilað í skólabyrjun.

Með von um metnaðarfullt, ánægjulegt og árangursríkt starf í vetur.
Skólastjóri

Útsala - Útsala


Verður í félagsheimilinu á Kirkjubæjarklaustri **fimmtudaginn**
28. ágúst og í félagsheimilinu í Vík föstudaginn 29. ág
frá kl. 14.00 - 19.00 báða dagana

Allar nýjar vörur á útsölu,
einnig mikið af eldri fatnaði á 500 kr. og 1.000 kr

Theórdóra og Andrés



LANDGRÆÐSLUFÉLAG



SKAFTÁRHREPPS
Stofnað 19. Janúar 1994

Landgræðslu- og skemmtiferð

Árleg landgræðslu- og skemmtiferð
Landgræðslufélags Skaftárhrepps verður farin í
Búlandssel sunnudaginn 31. ágúst nk.

Reiknað er með að hittast við Grafarrétt í Skaftártungu
kl:11 árdegis. Þar sem fólk getur sameinast um bíla. Þaðan
verður farin skoðunarferð í Búlandssel, rifjuð upp saga
búsetunar þar og nokkrum frækornum og áburði stráð í
moldarrof.

Boðið verður upp á grillaðar pylsur og hressingu.

Hvetjum sem flesta til að mæta

Stjórn Landgræðslufélags Skaftárhrepps

Viðskiptavinir ath

Breyting á opnunartíma

Út ágúst verður opið:

Mánud. – föstud:	9.00 - 18.00
Laugard:	10.00 -13.00
Sunnudaga:	Lokað



Frá 1. september

Mánudaga –föstud:	11.00 - 18.00
Laugardagur:	10.00 - 13.00
Sunnudaga:	Lokað

Kjarval Vík



Nýliðin landbúnaðarsýning

BSSL á Hellu var einstaklega vel heppnuð, enda vel til hennar vandað, sem var vel við hæfi á þessum merku tímamótum í sögu Búnaðarsamband Suðurlands, sem stofnað var 1908.

Landbúnaðarsýningar sem þessi hafa ætíð verið vel sóttar og eins var um þessa, sem um 12 þúsund manns sóttu og hefðu trúlega verið miklu fleiri hefði veður verið hagstæðara, en skúragangur var alla dagana en mismikill. Gott veður var á laugardagskvöldið en þá fór fram vönduð skemmtidagskrá, sérlega vel heppnuð. Vegna mikils fólksfjölda var tekið á það ráð að opna aðra hliðina á stóra tjaldinu, sem reist hafði verið á svæðinu.

Nýja reiðhöllin kom sér vel, ekki síst vegna þessarar úrkomu sem gekk yfir. Óheppilegt eftir alla blíðviðrisdagana í sumar að einmitt skyldi fara að rigna þegar sýningin hófst. Aðstaða til svona sýninga á Gaddstaðaflötum er sérlega góð, landið þurrlegt og hæfilega hallandi eða mishæðótt. Skipulagning á svæðinu var mjög góð, einnig öll þjónusta og önnur störf vel að hendi leyst.

Segja má að sýningin hafi í hnotskurn sýnt stöðu landbúnaðar í dag og þróun síðustu aldar. Fjöldi sýningaratriða var mikill og fjölbreyttur og sýndi mikla sögu. Ekki veit ég hvort sýningin í heild hefur verið tekin upp á myndband/geisladisk en hefði verið góður kostur fyrir þá sem ekki gátu komið á sýninguna. Ótal margt var þarna áhugavert að berja augum m.a. ný búgrein, býflugnarækt, þar gátu menn fengið að smakka hunangið. Þá ísgerðin hans Sæmundar Jónssonar í Árbæ á Mýrum, en hann og kona hans hafa hafið ísframleiðslu úr umframmjólkinni, þau gerilsneyða sjálf mjólkina, sem þau framleiða ísinn úr en hann heitir Jöklaís sem

bragðast vel og var í boði á sýningunni. Landnámshæurnar vöktu athygli og ekki síður skrautlegu hanarnir, sem göluðu óspart fyrir gesti.

Töluverða athygli vakti uppsetning timburhúss frá Modulhúsum á Hvammstanga, sem sett var upp þarna á staðnum. Þetta eru sænsk hús, sem fást í þeim útfærslum og byggingarstigum sem kaupendur óska eftir.

En fáum nú fróðleik hjá Sveini Sigurmundssyni, hjá BSSL um sögu landbúnaðarsýninga á Íslandi:

Fyrsta sýningin, sem svo má nefna, var búfjársýning sem haldin var á 30 ára afmæli BSSL á Þjórsártúni. En fyrsta alvöru alhliða landbúnaðarsýningin sem haldin var á Íslandi var sumarið 1947 í flugskýli á Reykjavíkurlugvelli.

Þá var næsta stórsýning haldin 1958 á Selfossi, í húsakynnum Slátufélags Suðurlands og á lóðinni umhverfis.

1968 er næsta stórsýning haldin í Laugardalnum og Laugardalshöllinni, þá næsta sýning sú langstærsta haldin á Selfossi 1978. Veltan á þeirri sýningu var andvirði 6 einbýlishúsa í dag (ca 30 millj.) væru nú ca. 180 millj. Þá var í Víðidalnum sýning 1987 sem nefndist Bú 87, sem Búnaðarfélag Ísl. eða Bændasamtökin sáu um. Þá hafa verið haldnar minni sýningar norðanlands, bæði á Hrafnagili og á Sauðárkróki. Segja má að þessar stóru fjölbreyttu sýningar hafi verið ákaflega vinsælar ekki síst hjá sveitafólki, sem þar gat fylgst með mörgu því nýjasta varðandi búreksturinn.

En að sjá þann mun á litlu hjólavélunum sem sýndar voru t.d. 1958 og þeim risavöxnu vélum sem þarna voru sýndar, knúnar fleiri hundruð hestafla mótorum og tæknin svo mikil að líkist stjórnklefa í flugvél.

E

Íþróttamiðstöðin Kirkjubæjarklaustri

Sundlaugin verður opnuð að nýju laugardaginn 30. ágúst.

Opnunartími á sundlaug verður fram til áramóta:

Mánudaga til föstudags: 17.00 - 20.00

Laugardaga og sunnudaga: 13.00 - 17.00

Nú er rétti tíminn til að fara að hreyfa sig, það er nóg af lausum tímum í íþróttahúsi og tækjasal, því er rétt að fara að panta tíma sem allra fyrst. Nýi tækjasalurinn er glæsilegur, þar er hægt að taka á eftir þörfum hvers og eins.

**Þeir sem ætla að panta tíma hafi samband við Sigmar
í síma 487 4656 eða 864 1196**

Umsjónarmaður



Galdraveiðin

Hvað man það undra er eg úti sék þrúðgan þrætudraug um þveran dal skyndilega skýi ríða?

Svartir ro möskvar, sígur með hálsi fram slunginn þrætuþinur, sék á dufli dökkum stöfum E.T. illa merkt.

Ertu afi endurborinn og ferðu kvikur að kynngi? Illar stjórnur veit eg yfir þig ganga grimmlega úr ginu.

Hættu, hættu áður að hálsi þér sjálfum verði snara snúin; því sá var fanginn er und fossi hljóp lax inn lævísí.

Samið árið 1828. Eiginhandarit er varðveitt í Árnastofnun í handritasafni Konráðs Gíslasonar (KG 31 b I). Frumprentun í: Ljóðmæli eftir Jónas Hallgrímsson. B. Pjetursson og K. Gíslason hafa sjeð um prentunina. Khöfn 1847.



Myndir frá Landbúnaðarsýningunni á Helli um sl. helgi, sem Jónas í Fagradal tók. Þar má sjá ánægð börn með verðlaunakálfa sína, neðri myndin er af f.v. Einar Kristinn Guðfinnsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Magnús sem allflestir þekkja og Geir Harde forsætisráðherra

FUNDARGERÐ MÝRDALSHREPPS haldinn fimmtudaginn 21. ágúst 2008 kl. 16:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðal- og varamenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu. Oddviti, Þórhildur Jónsdóttir setti fund og stjórn-aði.

Gerðir fundarins:

Oddviti leggur fram tillögu að dagskrár-breytingu þannig að fundargerðir fjallskilanefnda eystri og vestari verði tekin á dagskrá undir lið I-4 og I-5, bréf Þorgerðar Einarsdóttur dags. 19. ágúst verði tekið á dagskrá undir lið II-3 og bréf Rangárbakka undir lið II-4. Samþykkt. Sveitarstjóri gerir grein fyrir verkefnum frá síðasta fundi.

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð 152. fundar rekstrarnefndar Hjallatúns frá 24. júní 2008. Fundargerðin samþykkt
2. Fundargerð 152. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 15. ágúst 2008. Fundargerðin samþykkt.
3. Fundargerð 153. fundar fræðslunefndar frá 19. ágúst 2008. Fundargerðin samþykkt.
4. Fundargerð fjallskiladeildar eystri dags. 20. ágúst 2008. Fundargerðin samþykkt en áreittað að áformuð endurbygging réttar á Steigaraurum verði fjármögnuð af fjallskilasjóði. Sveitarstjórn mótmælir harðlega hugmyndum um að leggja niður sauðfjárveikivarnargirðingu á Mýrdalssandi og felur sveitarstjóra að koma mótmælum á framfæri við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.
5. Fundargerð fjallskiladeildar vestri dags. 20. ágúst 2008. Fundargerðin samþykkt. Sveitarstjórn fer fram á að fjallskilanefndir móti í sameiningu drög að reglum um

notkun fjórhjóla við smalanir og leggi fyrir sveitarstjórn.

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Bréf Prófasts Skaftafellsprófastsdæmis f.h Sólheimakapellu dags. 1. júlí 2008. Með bréfinu er sótt um styrk til að leggja bundið slitlag á veg að Sólheimakapellu og Sólheimakirkjugördum. Samþykkt að veita styrk kr. 300.000,- af lið 10410.
2. Bréf Björgvins Jóhannessonar dags. 14. ágúst 2008. Björgvin biðst lausnar frá störf-um í sveitarstjórn og nefndum frá og með 22. ágúst vegna brottflutnings úr sveitarfélaginu. Erindið samþykkt í samræmi við 34. gr. sveitarstjórnarlaga nr.45/1998. Björgvini eru þökkuð störf í þágu sveitarfélagsins og óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi.
3. Bréf Þorgerðar Einarsdóttur dags. 19. ágúst 2008. Með bréfinu biðst Þorgerður frá því að taka sæti í sveitarstjórn þar sem það samrýmist ekki reglum vinnuveitanda hennar. Sveitarstjórn veitir Þorgerði lausn frá setu í sveitarstjórn til loka kjörtímabils eða þar til breytingar verða sem gera henni kleyft að taka sæti.
4. Bréf Rangárbakka dags. 20. ágúst 2008. Með bréfinu er boðað til aðalfundar félagsins 4. september nk. Lagt fram til kynningar.

III. Málefni til umfjöllunar / afgreiðslu.

1. Kjör varaoddvita. Sveinn leggur til að Sif Hauksdóttir verði kjörinn varaoddviti í stað Björgvins Jóhannessonar til eins árs. Samþykkt með 3 atkvæðum (SP, ÞJ, PT). Tveir sitja hjá (EE, ÓSB).
2. Skipun í nefndir. Með bréfi dags. 23. júlí 2008 óskar Guðlaug Guðmundsdóttir eftir leyfi frá störfum sem fulltrúi í barnaverndarnefnd til 1. ágúst 2009.

Með bréfi dags. 14. ágúst 2008 biðst Halla Rós Arnarsdóttir lausnar frá störfum í umhverfis- og náttúruverndarnefnd frá og með 22. ágúst 2008. D-listinn skipar eftirtalda til nefndarstarfa: Þorgerður Einarsdóttir er skipaður formaður fræðslunefndar í stað Björgvins Jóhannessonar. Guðni Einarsson er skipaður varamaður í barnaverndarnefnd í stað Sveins Pálssonar og tekur Guðni sæti Guðlaugar Guðmundsdóttur í leyfi hennar. Sif Hauksdóttir og Sveinn Þórðarson eru skipuð varafulltrúar í héraðsnefnd í stað Björgvins Jóhannessonar og Victors Berg Guðmundssonar. Ingvar Jóhannesson er skipaður aðalmaður í umhverfis- og náttúruverndarnefnd í stað Höllu Rósar Arnarsdóttur. Sveinn Pálsson er skipaður varamaður í fræðslunefnd í stað Höllu Emilsdóttur. Þórhildur Jónsdóttir og Sveinn Þórðarson eru skipuð varmenn í umhverfis- og náttúruverndarnefnd í stað Ingvars Jóhannessonar og Sigurbjargar Sigurbjörnsdóttur. Jóhann V. Hróbjartsson er skipaður aðalmaður í atvinnumálanefnd í stað Kristjáns Kristjánssonar sem þess í stað verður varamaður í stað Jóhanns.

3. Veggirðingar - bréf Vegagerðarinnar dags. 20. maí 2008. Með bréfinu samþykkir Vegagerðin að setja upp rafmagnsgirðingu með Hringveginum austan Víkur samkvæmt tillögu 2 í fyrirliggjandi gögnum með því skilyrði að gert verði viðbótarsamkomulag við samkomulag frá 10. september 2001. Sveitarstjóra er heimilað að skrifa undir viðbótarsamkomulagið f.h. Mýrdalshrepps.

4. Bréf Sýslumannsins í Vík dags. 9. júlí 2008. Óskað er umsagnar vegna útgáfu leyfis til gististaðar í flokki V að Völlum. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við útgáfu leyfisins.

5. Jarðhitaleit - bréf Orkusjóðs dags. 9. júlí 2008. Með bréfinu er tilkynnt að Orkusjóður hafi samþykkt umsókn Mýrdalshrepps um styrk til forkönnunar vegna áframhaldandi jarðhitaleitar. Sveitarstjóri upplýsir að von sé á skýrslu frá ÍSOR í septembermánuði.

6. Skólaakstur. Á 436. fundi var sveitarstjóra falið að kanna möguleika á endurnýjun samnings um skólaakstur í samræmi við innkaupareglur. Samningsgrundvöllur virðist ekki vera fyrir hendi innan ákvæða innkauparegla Mýrdalshrepps og er sveitarstjóra því falið að bjóða úr skólaakstur í Mýrdalshreppi til 4ra ára náist ekki samningur til eins árs.

B-listinn óskar eftir fundarhléi og leggur fram bókun:

Fulltrúar B-listans átelja þau vinnubrögð sveitarstjóra að hafa ekki náð samningum um skólaakstur í sveitarfélaginu áður en skólastarf hefst. Slíkt hefur augljóslega í för með sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélagið og óvissu fyrir foreldra og börn sem nýta sér skólaakstur.

7. Tilboð í gatnaframkvæmdir. Þann 2. júlí sl. var auglýst eftir tilboðum gatna- og holræsaframkvæmdir við Árbraut og Bakkabraut. Eitt tilboð barst og var það um 8,5% yfir kostnaðaráætlun. Sveitarstjóra er heimilað að skrifa undir verk-samning við bjóðenda á grunni útboðsins.

8. Kötlusetur D-listinn leggur fram tillögu: Sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkir að koma á fót sjálfs-eignarstofnun, Kötlusetri, í samstarfi við þá aðila sem á því kunna að hafa áhuga. Meginmarkmið Kötluseturs verði að stunda rannsóknir á eldfjallinu Kötlu og áhrifum Kötlugosa á mannlíf og náttúrfar. Kötlusetri verði einnig ætlað hlutverk á sviði land- og ferðamálafræða sem og

menningarmála. Tillagan samþykkt með öllum atkvæðum. Sveitarstjóra falið að undirbúa stofnun Kötluseturs með vinnuhópi sem sveitarstjórn tilnefnir.

IV. Efni lagt fram til kynningar:

1. Fundargerð 110. fundar heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 6. júní 2008.

2. Fundargerð 105. fundar stjórnar skólaskrifstofu Suðurlands frá 16. júní 2008.

3. Fundargerð 73. fundar héraðsnefndar frá 2. júlí 2008.

4. Fundargerð 277. fundar stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands frá 2. júlí 2008.

5. Fundargerð aðalfundar Eignarhaldsfélags Suðurlands frá 11. apríl 2008.

6. Bréf Jöfnunarsjóðs dags. 28. júlí 2008.

7. Bréf Jöfnunarsjóðs dags. 29. júlí 2008.

8. Starfsmannamál leikskóla - kynningar-texti Sambands íslenskra sveitarfélaga.

9. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 11. ágúst 2008.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:05

Þórhildur Jónsdóttir oddviti, Páll Tómasson, Elín Einarsdóttir, Sveinn Pálsson sveitarstjóri, Ólafur S. Björnsson.



Löggufréttir vikunnar 18. til 25. ágúst 2008

Lögreglan á Hvolsvelli hafði í þó nokkru að snúast síðastliðna viku. Mest fór fyrir landbúnaðarsýningu og töðugjöldum á Hellu. Allt fór þó vel fram þar enda var þar mjög öflug, sýnileg löggæsla. Fimm umferðaróhöpp komu til kasta lögreglu auk fjölda umferðarmála.

89 ökumenn voru kærðir fyrir of hraðan akstur, þar af var einn erlendur ferðamaður er ók á 150 km/klst hraða þar sem hámarkshraði er 90 km/klst. Fyrir utan þá umferð sem tengdust landbúnaðarsýningu á Hellu, virðist sem farið sé að draga nokkuð úr umferð en því miður sést það ekki á hraðatölum. Lögreglan heldur því uppi að venju öflugum umferðareftirliti á vegum embættisins.

Að öðrum umferðarmálum, þá var einn ökumaður stöðvaður við akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Í kjölfarið greip lögregla til viðeigandi aðgerða vegna brotsins.

Aðfaranótt sunnudagsins hafði verið ekið á tvær kindur á Suðurlandsvegi á Mýrdalssandi og fóru í báðum tilfellum ökumenn af vettvangi án þess að tilkynna um óhappið. Vert er að benda ökumönnum á að hafa varann á, þar sem sauðfé hefur í auknu mæli sótt í gróður við Suðurlandsveginn á Mýrdalssandi. Jafnframt skal bent á að ökumönnum er skylt að tilkynna til lögreglu, ef ekið er á búfé.